

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

*Breytt deiliskipulag miðbæjarsvæðis á reit sem takmarkast við Bárustíg, Vestmannabraut, Kirkjuveg og Miðstræti.*

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkti 27. júlí 2022 tillögu að breyttu deiliskipulagi miðbæjarsvæðis vegna nýrra byggingarreita fyrir einbýlishús og fyrir stækkun hótélbyggingar og veltengingu í gegnum umræddan reit.

Skipulagsstofnun gat upphaflega ekki tekið afstöðu til auglýsingar skipulagsins í B-deild þar sem ekki lá fyrir umsögn Minjastofnunar Íslands. Óskað var eftir umsögn Minjastofnunar Íslands og málið aftur tekið fyrir í sveitarstjórn og staðfest í bæjarstjórn 4. maí 2023.

Í tillögu að breyttu deiliskipulagi er gert ráð fyrir nýjum vegi sem liggur frá Vestmannabraut að Miðstræti, á veginum gildir einstefna, en akstur stórra ökutækja er heimilaður frá Miðstræti inn að miðju svæðisins. Gistiheimili sem nú stendur á Vestmannabraut 26 verður sameinað hótélbyggingu við Vestmannabraut 28 og þar er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir viðbyggingu hótelsins. Lóða-fyrirkomulagi fyrir Miðstræti 5A, 7 og 11A er breytt að hluta og gert ráð fyrir byggingarreitum fyrir fjórar aðskildar íbúðarbyggingar sem verða hæð með risi. Að lokum er gert ráð fyrir nýjum bíla-stæðum.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 16. júní 2023,*

**Dagný Hauksdóttir** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 30. júní 2023